

Fiskeldi Austfjarða hf.
Vörðu 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 10. desember 2021
UST202101-139/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 01.09.2021 hjá Fiskeldi Austfjarða Fáskrúðsfirði

Þann 1. september sl. fór fram eftirlit í sjóeldi Fiskeldi Austfjarða Fáskrúðsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eldra fráviki frá 2019 er varðaði vöktunaráætlun er lokað, þar sem uppfærð vöktunaráætlun var samþykkt með útgáfu breytts starfsleyfis í ágúst 2021.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu og eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirlit skal innihalda niðurstöður skráninga og mælinga sbr. kröfur 3., 4. og 5. kafla starfsleyfis. Ársyfirliti var skilað sameiginlega með grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi, en uppfyllir ekki kröfur um niðurstöður skráninga sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi. **Viðbótarupplýsingum var skilað þann 24. nóv sl. og frávikinu er því lokað.**

Öllum þeim gögnum er vörðuðu ofangreint frávik hefur verið skilað til stofnunarinnar og því er ekki krafist frekari aðgerða af hálfu rekstraraðila.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur